



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Hollustuháttareglugerð.

Nr. 2/2022 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

EFNI

1.	Pátttaka	3
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	3
	2.1 Yfirlit	3
	2.2 Umsögn Reykjavíkurborgar	3
	2.3 Umsögn Trans Ísland	4
	2.4 Umsögn Félags atvinnurekenda	4
	2.5 Umsögn Samtakanna '78	4
	2.6 Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur	4
	2.7 Umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)	4
	2.8 umsögn Samtaka iðnaðarins o.fl.	5
	2.9 Umsögn Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur	5
	2.10 Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HSL)	5
	2.11 Umsögn Félags ábyrgra hundaeigenda	6
	2.12 Samráð í kjölfar opins samráðs	6
3.	Niðurstöður	6

Ágúst 2024

1. ÞÁTTAKA

	Umsagnaraðilar
	Reykjavíkurborg
	Trans Ísland
	Félag atvinnurekenda (FA)
	Samtökin 78
	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER)
	Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)
	Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu og Samtök verslunar og þjónustu. (Samtök iðnaðarins o.fl.)
	Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur
	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
	Félag ábyrga hundaeigenda
Samtals	10

Skjöl málsins; umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3570](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3570)

2. SJÓNARMÍÐ UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

2.1 YFIRLIT

Tíu ábendingar bárust vegna málsins í samráðsgáttina, frá Reykjavíkurborg, Trans Ísland, Félagi atvinnurekenda, Samtökunum 78, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Samtökunum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Samtökum iðnaðarins ofl., Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, og Félagi ábyrga hundaeigenda.

2.2 UMSÖGN REYKJAVÍKURBORGAR

Reykjavíkurborg fagnar væntanlegum breytingum og að tekið sé tillit til laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Gerðar eru athugasemdir við orðlag í 16. og 18. gr. Einnig bent á nauðsyn þess að taka á því ef búningsaðstaða í íþróttamannvirkjum er kyngreind, þurfi að vera aðstaða fyrir önnur kyn. Telja óeðlilegt að fjalla sérstaklega um þvagstæði fyrir karla.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Bætt er inn ákvæðum um sérklefa í íþróttamannvirkjum, sem sé kynhlutlaus og nýtist þeim sem þurfa sérstaka aðstoð eða sértækan búnað. Farið var yfir orðalaga 16. og 18. gr. Tekið er fram í reglugerðinni að „Við framkvæmd reglugerðar þessarar skal eftir því sem við á, standa vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar fötlunar.“ Ekki talin ástæða til að ganga lengra hvað þetta varðar.

2.3 UMSÖGN TRANS ÍSLAND

Trans Ísland fagnar því sérstaklega að tekið sé tillit til laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Gerðar eru athugasemdir við orðlag í 16. og 18. gr. Telja óskýrt hvernig réttur til kynræns sjálfræðis skv. 16. gr. verði tryggður.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Sjá viðbrögð við umsögn Reykjavíkurborgar í lið 2.2.

2.4 UMSÖGN FÉLAGS ATVINNUREKENDA

Félag atvinnurekenda gerir tvær athugasemdir. Annars vegnar varðandi aðgengi að tíðavörum og hins vegar að þar sem kyngreind aðgreining salerna sé fyrir hendi, skuli einnig vera til staðar einstaklingssalarni fyrir önnur kyn.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Ákvæði um tíðavörur tekið út. Sett inn í skilgreiningu á fullbúinni snyrtingu að tíðavörur skuli vera til staðar, ef við á. Varðandi staði þar sem kyngreind salarni eru, er yfirleitt sérstakt salerni með aðgengi fyrir fatlaða sem uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar og er kynhlutlaust.

2.5 UMSÖGN SAMTAKANNA '78

Fagna nýjum drögum og líta svo á að vel hafi tekist til að aðlaga hollustuháttareglugerðina að lögum um kynrænt sjálfræði. Samtökin '78 vonast til að reglugerðin verði samþykkt

2.6 UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS REYKJAVÍKUR

Lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum í tengslum við s.s. skýrleika, hvaða regluverk er heilbrigðisnefndar að framfylgja, kröfur séu mælanlegar eins og kostur er, að áhersla sé á viðkvæma hópa, að, hugtök séu skýr, samræmd og skiljanleg. Gerðar eru athugasemdir við einstaka greinar, sem einnig koma fram í umsögn SHÍ hér á eftir.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Sjá viðbrögð við ábendingum SHÍ.

2.7 UMSÖGN SAMTAKA HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐA Á ÍSLANDI (SHÍ)

Stjórn SHÍ tók saman helstu athugasemdir við drögin skv. fundarsamþykkt framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæða. Miðað við fjölda athugasemda lýsir stjórn SHÍ yfir ákveðnum vonbrigðum með drögin. Helstu ábendingar voru að hugtök verði skýr, samræmd og skiljanleg, reglugerðin verði hnitmiðuð og einfalt að framfylgja henni og heimildir verði til staðar til að hægt verði að framfylgja kröfum. Talið er að vanti mælikvarða og viðmið. Þegar vísað er í aðrar reglugerðir, sé skýrt kveðið á um hvaða eftirlitsaðili hafi eftirlit. Einnig vantar upp á að fram komi kröfur t.d. gagnvart aðgengi fatlaðra og starfsemi taki mið af viðkæmum hópum. Skýra þurfi betur ábyrgð rekstraraðila og auðvelda honum að gæta þess að starfsemi hans sé innan settra reglna. Heilbrigðisnefndi hafi eftirlit og hægt sé að hafa eftirlit með ákvæðnum fyrirtækjaflokkum

þó starfsemi sé hvorki starfsleyfi- eða skráningarskyld, t.d. gjalddöku vegna eftirlits ef nauðsynlegt er að hafa afskipti af. Einnig að eftirlit byggist á áhættumati.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Í reglugerðinni eru ákvæði hvað varðar starfsemi og athafnir sem ekki eru starfsleyfis skyldar og beitingu þvingunarúræða. Reynt var að skýra hugtök betur og gera reglugerðina einfaldari í framkvæmd. Tekið var tillit til hluta ábendinga SHÍ þar sem fram komu beinar tillögur um úrbætur sem voru í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998.

2.8 UMSÖGN SAMTAKA IÐNAÐARINS O.FL.

Fagna samræmingarhlutverki Umhverfisstofnunar og benda á þörf á að endurskoða eftirlitsfyrirkomulagið hér á landi, m.a. m.t.t. framsals og Umhverfisstofnun skilgreini þá þætti sem fýsilegt getur verið að heilbrigðisnefndir feli faggiltum skoðunarstofum. Regluverkið megi ekki vera of íþyngjandi, einfalda leyfisveitingar og fjölga skráningum og skilgreina betur hvað felst í hæfilegum fyrirvara þegar tilkynnt er um fyrirhugaðar breytingar á rekstri. Telja aukið innra eftirlit framfaraskref.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Tekið er tillit til ábendinga Samtaka iðnaðarins o.fl. og lagt til að Umhverfisstofnun skilgreini og birti skrá um þá þætti heilbrigðiseftirlits sem hentar að heilbrigðisnefnd feli faggiltum skoðunaraðilum. Tekið er fram að taka eigi tillit til innra eftirlits við áhættumat og heilbrigðisnefnd sé heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækka þá eftirlitsgjöld sem því nemur.

2.9 UMSÖGN MANNRÉTTINDA-, NÝSKÖPUNAR- OG LÝÐRÆÐISRÁÐS REYKJAVÍKUR

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkur fagnar mikilvægum framkomnum breytingum á hollustuháttareglugerð. Sérstaklega hvað varðar lög um kynrænt sjálfræði. En vísar að öðru leyti í umsögn Reykjavíkurborgar.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Vísað er í viðbrögð ráðuneytisins við ábendingum Reykjavíkurborgar.

2.10 UMSÖGN HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS (HSL)

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skilaði ítarlegri og sundurliðaðri umsögn en vísaði jafnframt til umsagnar Samtaka heilbrigðiseftirlita á Íslandi. Gagnrýnt var að vísað væri í drögum til óbirtrar reglugerðar um skráningu fyrirtækja. Settar voru fram athugasemdir vegna skilgreininga á hugtökunum. Lagðar voru til breytingar á uppröðun ákvæða svo hlutverk Umhverfisstofnunar og reglur um undanþágur væru á einum stað. Þá voru gerðar ýmsar tillögur að orðalags- eða efnisbreytingum, ýmist til einföldunar, samræmingar, skýringar eða lagðar til viðbætur eða breytt útfærsla frá drögum.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Ábendingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands voru að hluta teknar til greina, þar sem fram komu beinar tillögur að úrbótum sem voru í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998. Reynt var að skýra hugtök og einfalda framkvæmd reglugerðarinnar. Við öðrum tillögum þótti ekki tilefni til að bregðast við með breytingum.

2.11 UMSÖGN FÉLAGS ÁBYRGRA HUNDAEIGENDA

Félagði gerði helst kröfu um að sett yrði heildarlöggjöf um hundahald og telja að lagastoð skorti fyrir nokkrum ákvæðum reglugerðarinnar um hundahald. Félagið telur að auka eigi eftirlitskröfur gagnvart heilbrigðisnefndum og segja fyrirkomulag skráningu hunda hjá sveitafélögum úrelta. Lagt er til að sótt sé um leyfi til dýrahalds fremur en leyfi fyrir hvern og einn hund. Þá er hvergi í lögum eða reglugerðum fjallað um hundsbit en tekið er á því með mismunandi hætti í samþykktum sveitafélaga. Þá var bent á óljóst orðalag og skörun ákvæða um ábyrgðartryggingu við lög og reglugerðir um velferð dýra. Lagðar voru til orðalagsbreytingar við ákveðnar greinar draganna, m.a. greinar um umsóknir um dýrahald, óheilnæmi af völdum dýrahalds og greinar um aðgengi hunda að ákveðnum stöðum.

Viðbrögð ráðuneytisins.

Tekið var tillit til hluta ábendinga FÁH og voru gerðar breytingar á ýmsum ákvæðum um dýrahald. Má þar nefna ákvæði um umsóknir um dýrahald, merkingar og skráningar hunda, samþykktir sveitafélaga, óheilnæmi af völdum dýrahalds. Við öðrum tillögum, svo sem um aðgengi hunda að ákveðnum stöðum, þótti ekki tilefni til að gera breytingar.

2.12 SAMRÁÐ Í KJÖLFAR OPINS SAMRÁÐS

Að loknu opnu samráði var rætt við ýmsa fagaðila. Meðal annars var rætt við Reykjavíkurborg vegna orðalags um kynhlutlaus salerni og búningaaðstöðu og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vegna salerna, útihátíða og mótssvæða. Rætt var við húðflúrara um húðgötun og húðflúrun og Umhverfisstofnun vegna námskeiðshalds vegna slíkrar starfsemi. Embætti landlæknis gaf álit um orðalag ákvæða um sótthreinsun, hreinlæti og smithættu. Þjóðskrá Íslands veitti upplýsingar vegna fasteignanúmera. Þá var rætt við Samtök verslunar og þjónustu vegna umsókna faggiltra skoðunarstofa. Þá komu fulltrúar heilbrigðiseftirlita á Íslandi og Umhverfisstofnunar með tillögur og ábendingar við ýmis ákvæði. Loks var rætt við Samtökin 78 og Trans Ísland um aðstöðumerkingar á snyrtingum.

3. NIÐURSTÖÐUR

Reglugerðin var gefin út sem reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti þann 26. júlí 2024 og tók gildi 27. júlí sama ár.